

GÆLUDÝRAJÓL

FIMMTUDAGUR 5. DESEMBER 2013



Sestur í helgan stein

Björgunarhundurinn Krummi er einyggður en hefur aldrei látið það há sér.

SÍÐA 2

Brit-fóðrið

Gæludýr eiga sælkerajól í vændum hjá Brit á Íslandi.

SÍÐA 3

Gæludýr.is

Ekki gleyma gæludýrunum. Gæludýr.is býður upp á úrval jólagjafa.

SÍÐA 4

Eineygður og kominn á eftirlaun

Labradorinn Krummi missti sjón á öðru auga í fæðingu. Það háði honum þó aldrei í starfi hans með björgunarhundasveitinni. Krummi er kominn á eftirlaun og hjálpar nú til við uppleidið á verðandi björgunarahundi heimilisins, en með semingi þó.

Björk Arnardóttir eignaðist Krumma þegar hann var hvolpur. Hann var með ónýtt auga sem líklega skemmdist í fæðingunni. „Hann var mjög orkumikill og mér leist mjög vel á hann sem vinnuhund. Upphaflega ætlaði ég að þjálfar hann sem veiðihund fyrir manninn minn en þegar ég frétti að HRFÍ, sem sér um veiðihundaprófin, tekur aðeins við hreinræktuðum hundum var úti um það,“ segir Arna en Krummi er að litlu leyti blandaður golden retriever.

Móðurbróðir Örnur hafði verið með björgunarahund á Ísafirði sem hafði tekið þátt í snjóflóðaleit þar og því datt henni í hug að Krummi gæti vel virkað sem björgunarahundur. Hún sótti æfingar og heillaðist af starfinu. „Krummi hefur aldrei látið augað hamla sér. Líklega hefur hann aldrei séð neitt með því,“ segir Arna og telur björgunarsveitarstarfið hafa hentað Krumma vel. „Björgunarahundar eru enda þjálfaðir sérstaklega til að leita ekki með augnum, heldur aðallega nefinu,“ lýsir Arna en Krummi er með A-gráðu bæði í snjóflóða- og víðavangslit.

Krummi er að sögn Örnur orkumikill og afar sjálfstæður. „Oftar en ekki hefur hann fundið fólk þar sem ég hef ekki talið möguleika á að væri nokkur sála. Þá hef ég staðið á háa c-inu að kalla hann til baka en hann hefur ekki látið segjast og reynist svo yfirleitt hafa rétt fyrir sér,“ segir Arna hlæjandi.

Krummi er þó einnig með klaufalegri hundum. „Eitt sinn vorum við á æfingu og gistum ásamt sveitinni fyrir vestan, á Reykjum. Við vorum að skiptast á um að hleypa hundunum út seint um kvöld. Krummi var ofboðslega kátur og vildi alltaf heilsa öllum. Hann hljóp á milli manna og sá síðan að hann ætti eftir að heilsa tveimur. Hann kom á harðaspretti, stökk til mannanna, en þá vildi svo illa til að þeir sátu í heitum potti og Krummi lenti í honum miðjum. Hann var ansi snöggur upp úr enda bjóst hann ekki við þaðinu sem var þar að auki vel heitt,“ segir hún og hlær.

Krummi er nú að verða tíu ára og hættur opinberum störfum. „Ég tók hann út af útkallskrá í fyrra. Hann var orðinn bilður í hægri afturlöpp og heltist

við mikla áreynslu. Þessir vinnuhundar hlífa sér ekkert. Maður verður því að hafa vit fyrir þeim, annars ganga þeir frá sér,“ útskýrir Arna, sem þjálfar nú upp nýjan björgunarahund, hvolpinn Kjark.

Hún segir Krumma taka viðbótinni með stakri þolinmæði þó sá litli hangi endalaust í eyrum hans. Reyndar sé Krummi ekki alltaf kátur með hvolpasnann. „Hvolpurinn er í þvottahúsinu á nóttunni enda geta litlar hvolpatennur unnið mikinn skaða. Snemma á morgnana er honum farið að leiðast og vill komast út. Ég hef komist að því að ef ég læt Krumma inn til hans get ég keypt mér klukkutímasvefn til viðbótar. Þegar ég fer á fætur kætist Krummi mikið, en þegar hann sér að ég stefni á þvottahúsið virðist líða yfir hann á stundinni og ég enda yfirleitt á því að þurfa að draga hann inn í þvottahús,“ segir Arna glettin.

Að öðru leyti er Krummi mjög sáttur við að setjast í helgan stein. „Hann verður þó alltaf spennur þegar björgunarbúnaðurinn er tekinn fram. Hann hefur engu gleymt og ég leyfi honum stundum að spreyta sig,“ segir Arna.

Arna með Krumma sinn sem er blindur á öðru auga en hefur aldrei látið það há sér.



Jólaökötturinn valinn



Arftaki Max, jólaökattarinn 2012, verður valinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum milli 11 og 15 á laugardag.

Jólaökötturinn verður valinn í þriðja skipti í Húsdýragarðinum á laugardag. „Við gerum þetta í samstarfi við Kynjaketti, kattaræktarfélag Íslands, en þaðan koma hreinræktaðir kettir af ýmsu tagi sem gestir okkar geta valið á milli, segir Unnur Sigurbórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Valið fer fram milli 11 og 15 og fer þannig fram að fólk skráir á blað númer eða nafn þess kattar sem því líst best á, en auk þess er hægt að líka við álitlegasta köttinn á Facebook-síðu Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Sá köttur sem hlýtur flest atkvæði hreppir hnossid og fer heim með titilinn jólaökötturinn 2013 í farteskinnu.

Unnur segir kettina af ýmsu tagi og langt frá því að vera bara svartir með gular glyrnur. „Fólk hefur augljóslega ýmsar hugmyndir um hvernig jólaökötturinn lítur út. Í fyrra varð kötturinn Max fyrir valinu. Hann er sannkallaður hefðarköttur. Hann er af persneskum ættum með hvítan og gráan feld og neitar að drekka úr öðru en kampavinsglasi.

GULLFISKAR HAFNA MINNI

Gullfiskar hafa öldum saman verið fangaðir og notaðir sem húsdýr og heimilissprýði en síðurinn upphófst í Kína fyrir meira en þúsund árum.

Goðsögnin um að gullfiskar hafi ekkert minni hefur verið lífseig en staðreyndin er sú að minni þeirra spannar allt að þrjá mánuði og geta þeir jafnvel greint á milli ólíkrar lögunar, lita og hljóða. Með jákvæðri styrkingu er jafnvel hægt að kenna þeim að bregðast við hljóðmerkjum og ljósi og láta þá gera kúnstir.

Í gegnum tíðina hefur þótt smart að vera með gullfiska í kringlóttu búi en víða hefur það verið bannað. Gullfiskar gefa frá sér mikinn úrgang sem getur verið þeim skaðlegur í miklu magni. Eiturefni geta safnast upp á skömmum tíma sem auðveldlega geta gengið af fiskinum dauðum. Gullfiskar þurfa því rúmgott búr með góðri dælu. Eins þarf að gæta vel að hitastigi og má það helst ekki fara undir tíu gráður né yfir 30. Kjörhitastig fyrir gullfiska er í kringum 20 gráður.

Sumum finnst freistandi að klappa fiskum en það skyldi alls ekki gera. Þeir eru með verndandi slímhimnu sem gæti orðið fyrir skaða.



Dýr elska Brit-fóðrið

Gæluðýr eiga sælkerajól í vændum hjá **Brit á Íslandi**. Í boði er girnilegt úrval af hágæða hátíðamat fyrir hunda og ketti fyrir jólin á ótrúlega hagstæðu verði.

Allir ættu að finna sitthvað ljúffengt og gott að borða fyrir dýrin sín um jólin,“ segir Magnús Gylfason hjá Vöru-seli, sem flytur inn hágæða gæluðýramat frá Brit.

„Í boði er breitt úrval af gómsætu þurrfóðri, blautmat, pylsum og hundagóðgæti og því geta gæluðýraeigendur dekrað við dýr sín um jólin,“ segir Magnús.

Brit-þurrfóðrið er sniðið að stærð og aldri hvers dýrs. Fóðrið hefur hátt kjötinnihald, frá 40 til 45 prósent, og inniheldur ýmislegt annað hráefni í afbragðs gæðum.

„Einnig býðst dýrunum Brit Carnilove-fóður sem er kornfrítt og með mjög háu kjötinnihaldi, eða upp í 70 prósent. Brit-línan inniheldur einnig úrval hágæða dósamats sem svikur engan, ásamt freistandi gæluðýranammi og hinum geysivinsælu Brit-pylsum sem eru unnar úr kjöti (95%), hvort sem það er kalkúnn, lamb eða kjúklingur,“ útskýrir Magnús.

Sparnaður sem um munar

Brit á Íslandi kappkostar að bjóða dýrafóður í miklum gæðum og úrvali og á sem hagstæðasta verði.

„Sparnaður í fóðurinnkaupum getur verið verulegur eða allt að fimmtíu prósent. Sé verð á dýrara fóðri borið saman við Brit getur árlegur sparnaður verið allt að 50 þúsund krónur miðað við meðalstóran hund, sem er sparnaður sem flesta munar um,“ upplýsir Magnús.

Hægt er að nálgast Brit-fóður á útsölustöðum um land allt, ásamt því að kaupa það í netverslunum.



Magnús Gylfason með fullan poka af jólagóðgæti og gómsæta Brit-pylsu fyrir gæluðýrin.

SÖLUSTADIR

Gæluðýr.is á Smáratorgi og Korputorgi, Garðheimar í Mjódd, Fiskó í Kauptúni, Hundaheimur í Mosfellsbæ, Stapafell í Keflavík, Kakadú í Vestmannaeyjum og Petmax.is á Fosshálsi 27.

Netverslanir með Brit eru

Gæluðýr.is Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Heimkaup.is Frí heimsending.

Petmax.is Frí heimsending um allt land með Íslandspósti.

Jólagjöfin fyrir gæludýrið fæst í Líflandi



Smáhunda- og kattabúur frá 2.990.-



Plastbúur samþykkt fyrir
flug frá 12.990.-



Ítölsk bæli í úrvali frá 7.990.-



Sófa bæli frá 21.990.-



Smáhunda- og kattabæli frá 2.990.-



Klórutré í úrvali frá 4.990.-



Mikið úrval af skálum
og fôðurskömmturum



Mikið úrval gæludýraleikfanga



Bilabúur hliðaropnun
frá 15.995.-



Hlífðarmottur í skott
frá 5.450.-



Endurskin í miklu úrvali á
hunda og ketti

Ekki gleyma besta vininum! Frábært úrval af bælum, búrum, grindum, leikföngum og nammi í jólapakkann.



Hundasnyrtistofa Gæludýr.is á Smáratorgi tekur vel á móti hundum í jólabaðið.

MYND/GVA



Það er ómögulegt að allir fái jólapakka nema gæludýrin, segir Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, einn eigenda Gæludýr.is.

MYND/GVA

Litlu heimilisvinirnir mega ekki gleymast yfir jólahátíðina

Ekki má gleyma gæludýrunum um jólahátíðina. Mörg gæludýr eru stór hluti af fjölskyldunni og þurfa eðlilega sínar jólagjafir eins og aðrir. Gæludýr.is býður upp á úrval jólagjafa auk þess sem þar er einnig hægt að kaupa gómsætan jólamat fyrir gæludýrin.

Gæludýraverslunin Gæludýr.is rekur tvær verslanir á höfuðborgarsvæðinu auk öflugrar vefverslunar undir sama nafni. Síðustu vikurnar fyrir jól eru annasamur tími fyrir starfsmenn verslunarinnar enda er vinsælt að gefa gæludýr í jólagjöf. Auk þess kaupa margir gæludýraeigendur jólagjafir handa dýrum sínum og sérstakan jólamat. Að sögn Ingibjargar Salóme Sigurðardóttur, eins eigenda verslunarinnar, er að verða sífellt vinsælla með hverju árinu að gefa gæludýrum jólagjafir. „Í sjálfu sér er það mjög eðlilegt enda eru mörg gæludýr, til dæmis hundar, nánast hefðbundnir fjölskyldumeðlimir. Það er ómögulegt að allir fái pakka nema þeir. Hingað koma margir og kaupa fallegar jólagjafir. Sumir endurnýja til dæmis bælið eða búrið. Aðrir kaupa nýtt dót eða aðrar gjafir.“

Ingibjörg segir gjöfunum yfirleitt pakkað inn eins og hefðbundnum pökkum. „Mörgum gæludýrum finnst virkilega skemmtilegt að fá pakka og minna svolítið á litlu börnin sem finnst umbúðirnar oft meira spennandi en innihaldið. Við höfum undanfarin tvenn jól gefið öllum gæludýrum sem koma til okkar litla gjöf og hefur það mælst mjög vel fyrir. Hingað hafa ótrúlegustu dýr komið í heimsókn.“

Úrval jólagjafa

Þegar Ingibjörg er beðin um dæmi um vinsælar gjafir nefnir hún til dæmis jólasokka í ýmsum stærðum fyrir hunda og ketti. „Í þeim eru oft leikföng og jafnvel nammi. Þeir eru mjög vinsælir um hver jól. Síðan bjóðum við upp á jóladagatal fyrir dýrin,

í líkingu við það sem börnin fá, nema í stað súkkulaðis eru lítil bein. Einnig bjóðum við upp á falleg jólasveinateppi og ýmsar jólasveinavörur, eins og jólasveinahúfur og jólasveinagalla á hundinn og jólahálsbönd utan um háls hunda og katta. Stundum koma börn með smærri dýr eins og naggrísi og kanínu og þá eru oft keypt lítil leikföng.“

Ingibjörg vill þó brýna fyrir hundaeigendum að setja ekki stór og girnileg bein í jólapakkann. „Hundurinn mun þá rífa upp alla pakkana undir trénu þar til hann finnur beinið á endanum.“

Nýlega opnaði verslunin sérstaka hundasnyrtistofu í versluninni á Smáratorgi. Þar verður meðal annars boðið upp á sérstakt tilboð í desember á baði og blæstri. „Við bjóðum einnig upp á klóaklippingu og það er virkilega mikið að gera hjá okkur í desember. Allir vilja heimilið fínt fyrir jólin og auðvitað á hundurinn líka skilið að vera snyrtilegur um jólin.“

Jólamat fyrir dýrin

Ekki má gleyma jólamatnum og Gæludýr.is selur úrval af betri mat sem hæfir vel um jólin. „Gæludýrin okkar verða líka að fá góðan mat um jólin. Við bjóðum til dæmis upp á stór bein fyrir hunda og einnig kaupa gæludýraeigendur líka blautmat sem er oft gefinn sem smá dekur. Bæði köttum og hundum finnst blautmaturinn rosalega góður en hann kemur yfirleitt í litlum dósnum eða pylsum. Blautmaturinn gerir venjulegan matarskammt þeirra hátíðlegri yfir jólin.“

Verslunin selur einnig vörur sem draga úr streitu hjá hundum og köttum. „Hér erum við fyrst



Dýralæknirinn Tim Richardson veitir ráðgjöf í verslunum Gæludýr.is.

MYND/GVA



” Hingað koma margir og kaupa fallegar jólagjafir

og fremst að hugsa um gamlárskvöld og dagana á undan en þessir dagar eru oft erfiðir dýrum. Við bjóðum upp á efni sem þarf að byggja upp á tveimur vikum í dýrunum þannig að það hafi fulla virkni á gamlárskvöld þannig að dýrunum líði betur. Það skiptir því miklu máli að huga að dýrunum um jól og áramót. Ekki má

gleyma litlu vinunum okkar enda þarf það ekki að kosta mikið að gleðja þá.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.gæludýr.is. Þess má geta að frí heimsending er á öllum vörum verslunarinnar sem sparar viðskiptavinum sporin og burðinn enda oft um þungar vörur að ræða.